

Starfsáætlun 2023 – 2024



Október 2023

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Efnisyfirlit

Starfsáætlun.....	3
Skólaárið 2023-2024	3
Uppeldisstefna Öldunnar.....	6
Foreldrafélag / foreldraráð	7
Samstarf leik- og grunnskóla	9
Málvörun í daglegu starfi.....	10
Símenntun	10
Stoðþjónusta	13
Öryggis og slysavarnarmál.....	14
Mat á skólastarfi	15
Umbótaáætlun.....	17
Skóladagatal 2023-2024.....	18

Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni sé gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fjölskyldunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Öldunnar skólaárið 2023-2024 og er hugsuð sem skýr leiðanísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Skólaárið 2023-2024

Skólaárið 2023-2024 verða 104 börn með vistun í leikskólanum frá apríl 2024. Börnin eru flest aðlöguð við 12 mánaða aldur. Við nýtum þátttökuáðlögun við leikskólabyrjun og hefur það reynst vel. Foreldrar eru með barninu fyrstu dagana og hefur reynslan verið sú að bæði börn og foreldrar eru öruggari í aðlögun barns.

Deild	Fjöldi barna	Barngildi	Fjöldi starfsmanna	Stöðugildi
Dalur	10	2,5	3	
Laut	10	2,5	4	3,70
Þúfa	15	3,5	4	4,0
Holt	16	2,9	4	4,0
Hæð	17	2,4	4	3,5
Ás	18	2,0	3	3,0
Hamrar	18	2,0	3	3,0

Deildarstjóri á Laut og Dal verður Anna Kristín Helgadóttir. Stefnt er á að opna Dal eftir áramót. Í vetur verðum við með 41 fjöltýngt barn í leikskólanum sem gera 39% barna í leikskólanum.

Í vetur ætlum við að prófa að vera með dagræstingu í leikskólanum og þeirri vinnu sinna tveir starfsmenn í tveimur stöðugildum. Þetta verður svo endurskoðað í vetur.

Í vetur starfa hjá okkur :

- 10 kennarar (með leyfisbréf)
- 3 aðstoðarkennari (búinn með 120 ECTS einingar á háskólastigi)
- 3 með aðra háskólamenntun
- 1 leikskólaliði
- 2 iðjuþjálfar
- 9 leiðbeinendur
- 2 starfsmenn í ræstingu
- 1 aðstoð í eldhús

Af starfsmannahópnum eru 32% með leyfisbréf til kennslu en með annari háskólamenntun er hlutfallið 58%. Leiðbeinendur er 29% starfsfólks í leikskólanum.

Kjarasamningsbundnir undirbúningstímar eru 3 stöðugildi á viku eða 114 klst. Aðrir starfsmenn fá 1 ½ klst í undirbúning þegar hægt er. Þetta er fyrir utan veikindaafleysingu sem miðast við hálf stöðugildi á deild.

Stytting vinnuviku er óbreytt frá síðasta ári og þá er vikuleg stytting 2 klst á viku sem starfsmenn geta valið um að safna eða taka út vikulega, einnig er svokölluð viðbótarstytting sem allir fá vikulega og geta tekið út í fríi.

Starfsfólk deilda skólaárið 2023-2024

Laut	Starfshlutfall	Starfsheiti
Anna Kristín Helgadóttir	100%	Deildarstjóri
Helga Bergsdóttir	75%	Kennari
Hildur Tryggvadóttir	100%	Aðst.leikskólakennari
Justyna Ziolkowska	100%	Leiðbeinandi

Þúfa	Starfshlutfall	Starfsheiti
Emese Daszkiewicz - Gönzny	100%	Háskólamenntaður starfsmaður
Judith Jónsdóttir	100%	Leiðbeinandi
Sigríður Lóa Gissurardóttir	100%	Leiðbeinandi
Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir	100%	Deildarstjóri

Holt	Starfshlutfall	Starfsheiti
Elfa Bára Sigurðardóttir	100%	Leiðbeinandi
Karítas Björg Tryggvadóttir	100%	Deildarstjóri
Marzena Danuta Sobocka	100%	Kennari
Vera Lucia Abranja Dos Santos	100%	Leiðbeinandi

Hæð	Starfshlutfall	Starfsheiti
Andrea Hrund Bjarnadóttir	100%	Aðstoðarleikskólakennari
Gabriela Romanczuk	100%	Leiðbeinandi
Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir	100%	Deildarstjóri
Justyna Broniszewska	100%	Kennari
Sarah Maagaard Nielsen	50%	Leiðbeinandi

Ás	Starfshlutfall	Starfsheiti
Kristrún Amelía Halliwell	100%	Leiðbeinandi
Unnur Óskarsdóttir	100%	Deildarstjóri
Pórunn Jónsdóttir	100%	Kennari

Hamrar	Starfshlutfall	Starfsheiti
Harpa Sif Þorsteinsdóttir	100%	Deildarstjóri
Ingibjörg Sæmundsdóttir	100%	Leiðbeinandi
Stefán Bjarki Smáráson	100%	Leiðbeinandi

Aðrir	Starfshlutfall	Starfsheiti
Anika Katharina Wiest	75%	Sérkennsla
Anna Margrét Aðalsteinsdóttir	44%	Sérkennsla
Gréta Helgadóttir	70%	Sérkennsla
Joanna Korolczuk	100%	Ræsting
Leó Snær Konráðsson	100%	Sérkennsla
Natalia Wojtyka	100%	Ræsting
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir	100%	Skólastjóri
Valborg Jónsdóttir	100%	Aðstoðarskólastjóri
Árný Jóna Sigurðardóttir		Ársleyfi
Justyna Lis		Ársleyfi
Eyrún Elvarsdóttir		Fæðingarorlof
Olga Vasseljeva		Veikindaleyfi

Markmið Öldunnar skólaárið 2023-2024 eru:

- að efla alhliða þroska barna miðað við aldur og þroska hvers barns.
- að stuðla að góðri samvinnu við foreldra.
- að veita börnum hlýju, umhyggju, öryggi og festu.

Þetta skólaár fer í að aðlagast nýjum og breyttum vinnuaðstæðum. Börn og starfsfólk þurfa tíma til að læra á húsnaði Öldunnar og það tekur tíma. Skólaárið fer einnig í að aðlaga dagskipulag að vinnuaðstöðu hússins. Að koma af nokkrum starfsstöðvum þar sem starfsfólk og börn unnu sitt starf í misjöfnum aðstæðum í að fara í samræmingu milli deilda er mikil breyting. Því þarf að hugsa starfið á annan hátt enda kominn í kjöraðstæður fyrir allskonar starf dags daglega.

Uppeldisstefna Öldunnar

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir.

Hugsmíðahyggja er námskenning sem gengur út frá því að þekking sé afurð þess hvernig einstaklingar skapa merkingu úr reynslu sinni. Lögð er áhersla á að námsumhverfið sé opið og sem líkast raunverulegum aðstæðum og nemandinn sé virkur í að byggja upp eigin þekkingu.

Nemendur eru virkir í eigin námi og eru hvattir til að ígrunda, leita lausna, rökræða og læra með því að byggja ofan á fyrri hugmyndir, reynslu og þekkingu. Til þess að ná fram þeim þáttum leggjum við áherslu á leik og könnunaraðferð í hópstarfi og útikennslu. Auk þess sem allt starf okkar miðast við þessa hugmyndafræði.

Námsumhverfi þarf að vera auðugt, námshvetjandi og opið og sem líkast raunverulegu umhverfi. Námsumhverfi þar sem námsferlar eru skipulagðir með aðstoða námkvæmrar markmiðssetningar í námskrá eru í andstöðu við hugsmíðahyggju. Þau markmið sem nemandinn setur sér sjálfur eru mikilvægust og gott námsumhverfi á að ýta undir vilja nemenda til að læra. Námið verður að skipuleggja þannig að gert sé ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í uppbyggingu þekkingar. Mikilvægur liður í því að svo verði er að hann hafi áhuga á viðfangsefninu og sjá tilgang í að læra það sem þarf til að leysa verkefnið. Það er mikilvægt að taka tillit til þeirra forþekkingar sem nemandinn hefur í farteskinu við upphaf náms vegna þess að nýja þekkingu tileinkar hann sér og túlkar í ljósi þeirrar þekkingar og reynslu sem hann hefur fyrir. Í þjóðfélagi fjölmenningar er

nauðsynlegt að muna eftir þeirri menningabundnu þekkingu sem nemendur búa yfir og leitast við að hjálpa þeim að tengja námið á jákvæðan hátt við sína reynslu í nýju landi og nýrri /öðruvísi menningu.

Megináhersla í starfi kennarans verður að styðja við nemendur. Bæði einstaklingum og hóp nemenda. Kennari þarf að hvetja og leiðbeina þeim við námið á fjölbreyttan hátt. Það gerir kennarinn með því að skapa gott námsumhverfi og vera góð fyrirmynd í bæði viðhorfum til námsins sem og vinnubrögðum sínum. Mikilvægt er að kenna nemendum að þróa með sér fagmannleg vinnubrögð sem námsmenn. Þá er mikilvægt að kennari skapi andrúmsloft þar sem opinn samræða og skoðanaskipti eru eðlilegur hluti af lærdómi nemenda og þar sem allir hafa rétt í að láta í sér heyra.

Hugmyndir hugsmíðahyggju gera ráð fyrir því að nemandinn sé að byggja upp þekkingu en ekki tileinka sér þekkingu til að geta endursagt hana. Þá verður að beina sjónum að ferlinu en ekki útkomu verkefnis.

Foreldrafélag / foreldraráð

Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra, staðið fyrir fræðsluerindum auk þess sem það færir leikskólanum reglulega gjafir.

Foreldrafélagið veturinn 2023-2024 skipa:

- Theodóra Jóna Guðnadóttir, formaður
- Sigríður Linda Hyström, ritari
- Bragi Þór Hansson, gjaldkeri
- Írena Sif Kjartansdóttir, meðstjórnandi

Tengiliður leikskólastarfsmanna er Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Foreldraráð starfar við leikskólann og er það skipað fjórum fulltrúum. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskóla. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig situr einn úr ráðinu í Fjölskyldunefnd Sveitafélagsins.

Foreldraráð veturinn 2022 – 2023 skipa:

- Guðbergur Baldursson
- Helga Guðrún Lárusdóttir
- Unnur Lilja Bjarnadóttir
- Árný Lára Karvelsdóttir

Tengiliður leikskólastarfsmanna er Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Skráningardagar

Þetta skólaár voru samþykktir skráningardagar í leikskólanum sem tilraunaverkefni til eins árs.

Það hefur reynt á starfsemi leikskólans og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að mæta kjarasambundnum rétti starfsfólks án þess að það komi niður á gæðum leikskólastarfsins. Leikskólastjóri leggur inn beiðni um að farið verði í tilraunaverkefni skólaárið 2023-2024 þar sem teknir verða upp skráningardagar. Þá skrá foreldrar börn sín sérstaklega ef þeir hyggjast nýta sér þjónustu leikskólans á skilgreindum skráningardögum. Ef barnið mætir ekki á þessum dögum eru dvalar og fæðisgjöld felld niður þann daginn.

Leikskólinn verður opinn öllum þeim sem þurfa á þjónustu að halda en starfsemin sniðin að fjölda barna. Með því er hægt að skipuleggja leikskólastarfið fyrirfram og gera starfsfólki kleift að nýta þá daga til að taka út uppsafnaða styttingu vinnuvikunnar. Þar með létta álag vegna styttingar vinnuviku í starfsemi leikskólans.

Skráningardagarnir verða 9 á starfsárinu 2023-2024.

- 13. nóvember
- 27. desember
- 28. desember
- 29. desember
- 19. febrúar
- 25. mars
- 26. mars
- 27. mars
- 26. apríl

Skráningar eru bindandi og þurfa að berast leikskólastjóra eigi síðar en 4 vikum fyrir viðkomandi dag ef foreldrar hyggjast nýta leikskólapláss þann daginn.

Þessa daga er lögð áhersla á að njóta og ekki verður faglegt starf þessa daga.

Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt skólastigið hefur upp á að bjóða. Félagssleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.

Samstarfið er tvíþætt. Annarsvegar er um að ræða heimsóknir á báða bóga og aðlögun leikskólabarnanna að grunnskólanum og hinsvegar eru sameiginleg foreldrafærninámskeið. Elstu börn leikskólans taka þátt í smiðjum að vori en þá er þeim skipt í hópa ásamt börnum úr 1. bekk og taka þátt í smiðjum vikulega yfir ákveðin tíma. Þau fara í mat í mötuneyti skólans, taka þátt í þemadögum að vori og þeim býðst að taka þátt í ýmsum uppákomum eða sjá t.d. leiksýningar nemenda. Auk þess fara þau vikulega í íþróttahúsið alveg frá hausti og æfa sig í að fara í fataklefan þar og einnig er farið í reglulegar heimsóknir á bókasafnið.

Skólaferminámskeiðin eru þrjú. Það fyrsta er haldið í leikskólanum og þá er farið yfir áætlun og áherslur vetrarins og fyrirkomulag samstarfsins. Annað námskeiðið er haldið í Hvolsskóla og er þar farið yfir hvaða þættir eru mikilvægir hjá barni sem er að hefja nám í grunnskóla en m.a. er farið yfir mikilvægi lestrarnáms ásamt praktískum atriðum á borð við dagvistun eftir skóla. Þriðja námskeiðið er síðan haldið að vori og er það nokkurskonar uppskeruhátíð haldin í Hvolsskóla. Farið er í leiki í skólanum, litið í skólabækur, farið í ratleik um skólann og svo grillaðar pylsur á eftir.

Eftir sumarfrí ár hvert hefur elsti árgangur leikskólans farið í svokallað skólaskjól og þá mæta börnin í Hvolsskóla ásamt starfsfólki Skjólansins. Hefur verið mikil ánægja með að fá að fara í Skjólíð og börnin dugleg að nýta Skjólíð áður en eiginlegt skólastarf Hvolsskóla hefst í lok ágúst.

Málörvun í daglegu starfi

Í leikskólanum er lögð áhersla málörvun í daglegu starfi í gegnum leikinn. Sjónrænt dagskipulag er á veggjum deilda, samskiptareglur eru uppi, stólar og sæti í samverustundum á yngri deildum eru merkt með nafni og hólf barna eru merkt með nafni barns og Lubbatákni fyrir mállhljóð fyrsta bókstafs barnsins. Bækur eru ávallt aðgengilegar börnunum og í boði í leik. Skipulag starfsmanna er sýnilegt og börn sjá það í notkun.

Almenn málörvun í daglegu starfi er eitt af því mikilvægasta sem leikskólinn getur lagt af mörkum í þroska barna. Mikilvægt er að hafa umhverfi í leikskólum mál- og læsishvetjandi og þurfa börnin að hafa aðgang að málörvunarefni við hæfi hvar og hvenær sem er. Málörvun þarf að vera fléttuð inn í allt starf leikskólans og huga þarf að þáttum eins og orðaforða, máltjáningu ásamt hlustun og ritun. Kennarar þurfa að vera vel undirbúnir til að grípa tækifæri til málörvunar þegar þau gefast. Ef málörvun gengur vel kemur það fram í aukinni lífsleikni, bættri líðan og betri námsárangri. Sjá nánar hér:

<https://ork.leikskolinn.is/%C3%B6rk/snemmt%C3%A6k%20%C3%ADhlutun%20%C3%AD%20m%C3%A1li%20og%20l%C3%A6si%20-%20leiksk%C3%B3linn%20%C3%B6rk.pdf>

Símenntun

- Ábyrgð skólans: Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og útvinnslu símenntunaráætlana. Aðstoðarskólastjóri og aðrir stjórnendur eru skólastjóra til aðstoðar.
- Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð símenntunaráætlunar skólans. Starfsfólk getur beðist skriflega undan að sækja námskeið á símenntunaráætlun skólans.
- Tímasetningar: Undirbúningur símenntunaráætlunar skólans er á vorönn.
- Tími til símenntunar: Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.
- Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til símenntunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Síðustu ár hefur sveitarfélagið styrkt sérstaklega starfsmenn sem eru að sækja sér leikskólakennaramenntun. Starfsmenn sækja um styrk og fá greidd laun á meðan þeir sinna stað

og verklotum og einnig fá þeir eingreiðslu þegar þeir klára vissan einingafjölda í námi. Þetta hefur hvatt starfsfólk áfram og nú eru 3 starfsmenn að nýta þessa leið til að mennta sig í leikskólakennarafræðum og eru þeir komnir mislangt í náminu.

Menntafléttan eru námskeið fyrir kennara, starfsfólk á vettvangi frítímans og fagfólk sem starfar við menntun. Rauður þráður hennar er að styðja við að námssamfélög blómstri á vinnustöðum þátttakenda. Námskeiðin fléttast saman við daglegt starf og viðfangsefni þeirra eru fest í sessi með því að fylgja einföldum þróunarhring, fjórum skrefum sem byggja á rannsóknnum á farsælli starfsþróun. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands.

Mennta- og barnamálaráðuneytið styrkir Menntafléttuna.

Í leikskólanum eru 5 starfsmenn sem skráðu sig á námskeið í menntafléttunni þetta skólaárið . Hver starfsmaður mætir í kennslustund 6 sinnum yfir veturinn og svo eru samræður og nám á milli kennslustunda. Von okkar er að þetta haldi áfram næstu ár enda mjög þarft fyrir starfsfólk leikskóla til sí eða endurmenntunar.

Starfsdagar eru 6 á þessu skólaári ásamt 1 haustþingsdegi. Starfsdagar eru skipulagðir í samstarfi við Hvolsskóla og er reynt eftir fremsta megni að skipuleggja þá þannig að þeir sér á sömu dögum í báðum skólum til að koma til móts við foreldra sjá nánar á skóladaðgatali leikskólans. Á starfsdögum er starfið skipulagt til styttri og lengri tíma ásamt mati á því starfi sem fram hefur farið. Einnig eru starfsdagar notaðir til að efla starfsfólk með því að fá námskeið og fyrirlestra.

Þetta skólaárið verður sameiginlegur starfsdagur með öðrum leikskólum á skólasvæðinu 1. mars 2024 og verður lögð áhersla á innleiðingu jákvæðs aga en allir leikskólarnir eru í þeirri vinnu.

Starfsdagar skólaárið 2023-2024

Dags.	Námskeið / starfsdagar	Athugasemdir
18. ágúst 2023	Starfsmannafundur, farið yfir gátlista í innra mati, deildarfundir	Farið yfir gátlistana í kafla 3 um mannauð. Starfsmannafundur þar sem farið er yfir áherslur í starfi skólaárs og þær breytingar sem fylgja því að flytja í nýtt húsnæði. Deildarfundir og tiltekt
29. september 2023	Haustþing kennara á Hvolsvelli	Ýmsir fyrirlestrar sem hægt er að nýta í starfi leikskólanna. Haustþingið var í fyrsta skipti haldið utan Selfoss
10. nóvember 2023	Starfsmannafundur, farið yfir gátlista í innra mati, deildarfundir.	Farið yfir gátlistana í kafla 2 um námsumhverfi. Deildarfundir, hugmyndabankar á sameiginlegum svæðum útbúnir.
2. janúar 2024	Starfsmannafundur, farið yfir gátlista í innra mati. Deildarfundir, fyrirlestur um flæði í leikskólastarfi	Farið yfir gátlista í kafla 4 um leikskólabrag. Starfsmannafundur, deildarfundir og fyrirlestur um flæði í leikskólastarfi.
1. mars 2024	Sameiginlegur starfsdagur leikskólanna á Laugarlandi, Heklukoti, Öldunni og heilsuleikskólanum Kærabæ. Allir leikskólarnir eru í innleiðingu á jákvæðum aga og verður fræðsla í bland við umræður um það efni.	Jónína Hauksdóttir mun vera með námskeið í jákvæðum aga. Umræður og samantekt.
10. maí 2024	Starfsmannafundur, farið yfir gátlista í innra mati. Deildarfundir og endurmat á skólaári	Farið yfir gátlista í kafla 1 um stjórnun. Þær breytingar sem hafa verið gerða á leikskólastarfi síðasta skólaár endurmetnar og farið yfir leiðir til úrbóta.
3. júní 2024	Endurmat á vetri, næsta skólaár skipulagt Farið yfir gátlista í innra mati. Deildarfundir og annað sem til fellur þegar nær dregur starfsdegi.	Farið yfir gátlista í kafla 5 um opinbera birtingu. Starfsmannafundur, deildarfundir og umræðuhópar.

Stoðþjónusta

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sér um stoðþjónustu til leikskólans og til sveitarfélaganna í kring. Þar hefur leikskólinn aðgang að leikskólaráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.

Leikskólaráðgjafi veitir ráðgjöf til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks leikskólans, bæði um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólann stöðugt í starfi. Hann veitir ráðgjöf og stuðning varðandi líðan, nám og þroskastöðu, félagsfærni og hegðun. Leikskólaráðgjafi situr m.a. í teyimum um málefni einstaklinga og aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um.

Yfirmaður sérkennslu gerir m.a. einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra og starfsmenn leikskólans, metur reglulega framfarir barnanna samhliða þörf og eðli íhlutunar sérkennslunnar. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá/einstaklingsmarkmið barnsins við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í hópum, einstaklingslega eða í fámönnum leikhópum. Lögð er áhersla á að sinna sem mestri íhlutun á deildum.

Ráðgjafadagar munu vera áfram í fjarfundabúnaði en þar geta foreldrar og starfsfólk óskað eftir viðtali við sálfræðing um þau mál sem brenna á þeim vegna barna.

Haldið var áfram með nemendaverndarráðsfundi þar sem fulltrúar skólaþjónustu, heilsugæslu, félagsþjónustu og leikskólans funduðu saman um málefni barna. Þetta er hluti af því að uppfylla lög um farsæld barna sem verið er að innleiða. Með þessu er verið að bregðast við því að börn, foreldrar og starfsfólk þurfi ekki að fara á milli kerfa þ.e. heilbrigðis, félags eða skólaþjónustu því þannig næst betri samfella í allri íhlutun og ráðgjöf til allra.

Í leikskólanum er áhersla lögð á að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávik vaknar eða þörf er talin vera á viðbótarkennslu. Í mörgum tilfellum þurfa börn tímabundna íhlutun en síðan eru önnur börn sem þurfa úrræði til lengri tíma.

Öryggis og slysavarnarmál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári í reglubundna skoðun á húsakynnum skólans.

Öryggismiðstöðin sér um að vakta brunakerfi leikskólans.

Innra eftirlit á leikvelli fer fram í daglegri yfirlitsskoðun. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.

Samkvæmt öryggiskröfum frá vinnueftirliti eru öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður kosnir úr hópi starfsfólks.

Hlutverk þeirra er að gæta að þáttum tengdum öryggi og vellíðan á vinnustað. Framkvæmt er áhættumat sem nýtt er til endurbóta á starfi og umhverfi leikskólans.

Unnið er að uppfærslu á öryggishandbók fyrir starfsemi leikskólans og verður henni lokið á þessu skólaári. Endurskoðun mun svo fara fram reglulega af öryggisnefnd leikskólans en í þeirri nefnd sitja skólastjóri, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.

Mat á skólastarfi

Í nýrri leikskólabýggingu koma nýjar áskoranir og ætlum við að fara rólega af stað.

Óhjákvæmilega verða breytingar í starfi leikskólans og börn og starfsfólk þarf tíma til að aðlagast nýjum námsaðstæðum.

Farið verður í að yfirfara dagskipulagið og vinna að því að vera með skipulag sem býður uppá möguleika á sveigjanleika fyrir börnin og starfsfólkið í daglegu starfi leikskólans.

Skólaárið 2023-2024:

- Starfsmannasamtöl að hausti og vori
- Leiðbeiningasamtöl, deildarstjórar taka viðtöl við starfsfólk á sinni deild einu sinni á skólaárinu.
- Könnun fyrir nýja foreldra um hvernig aðlögun gekk (4-6 viku eftir aðlögun)
- Foreldraviðtöl að hausti og vori
- Tengslahringur haust og vor – starfsmenn fylla út
- Viðtöl við börnin að vori
- Fagfundir einu sinni í mánuði
- Fundir með leiðbeinendum fjórum sinnum þetta skólaárið
- Deildarfundir - hver deild fær 1 klst deildarfund á þriggja vikna fresti sem og á starfsdögum.
- Deildarstjórafundir í hverri viku
- Heilsueflandi leikskóli – teymi sem heldur utan um þá vinnu. Þetta skólaárið verður unnið með geðrækt í starfi leikskólans
- Innleiðing á handbók um snemmtæka íhlutun og máli og læsi. Áframhaldandi vinna.
- Uppfærsla á skólanámskrá leikskólans, stefnt er á útgáfu á vormánuðum 2024.
- Jákvæður agi í skólastarfi er í innleiðingu og mun teymi halda utan um innleiðingaverli.
- Stytting vinnuviku, útfærsla
- Skráningadagar- til að koma til móts við styttingu vinnuviku starfsfólks. Skráningadagar verða 9 á skólaárinu. Þessi leið verður endurmetinn vorið 2024.
- Sameiginleg menntastefna Öldunnar og Hvolsskóla, innleiðing á þeirri stefnu.

Annað hvert ár er lögð fyrir foreldrakönnun þar sem foreldrar meta ýmsa þætti í skólastarfi leikskólans t.d. aðbúnað, samskipti við starfsmenn ofl.

Erum að byrja að æfa okkur í að nota geta gæðakerfi þar sem innra mat fer fram og aðstoðar okkur að viðhalda faglegur starfi og þróa starfið áfram með fagleg viðmið um ýmsa þætti í leikskólastarfinu.

Skyllda leikskólans er að meta skólastarf og er markmið með mati á leikskólastarfi að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla.

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að upplýsingum er safnað um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra.

Markmið með mati er að auka þekkingu og skilning kennara og annars starfsfólks á þroska barna, námi og líðan.

Námsmat barna :

- Einstaklingsnámskrár / áætlanir / markmið fyrir þau börn sem þurfa íhlutun sérkennslu í daglegu starfi leikskólans.
- TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna
- Hljóm-2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans
- Orðaskil
- Íslenski smábarnalistinn
- Íslenski þroskalistinn
- EFI- 2
- Starfsmenn meta starf deildar á deildarfundum.
- Ferilmöppur barna
- Skráningar ýmiskonar t.d. um leik barna, þróun leiks barna, ígrundun starfsfólks ofl.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun þessa skólaárs er erfið að því leiti að við erum kominn í nýjar vinnuaðstæður og þurfum að gefa okkur tíma til að þróa starfið í nýjum vinnuaðstæðum. Einnig er mikil breyting að vinna saman þvert á deildar og þarf starfsfólk að æfa sig í því þar sem undanfarinn ár hefur hver deild verið með sínar áherslur og sín markmið í starfi. Við viljum ná samfellu í leikskólastarfinu frá 12 mánaða til 6 ára þegar þau klára fyrsta skólastigið hjá okkur og fara í grunnskóla. Það getur tekið á hjá öllum að aðlagast nýjum aðstæðum og því erfitt að ætla að meta ýmsa þætti en fyrr í áætluninni kemur fram hvar við ætlum að byrja í því ferli að meta starfið innan leikskólans. Við ætlum að nýta veturinn og uppfæra áfallaáætlun, símenntunaráætlun, skólanámskrá, deildarnámskrár, skoða ferli sérkennslu innan leikskólans, dagskipulag leikskólans og annað sem við eigum eftir að yfirfara frá Örkinni. Einnig stefnum við á að allt starfsfólk fari yfir gátlista um innra mat byggt á ytra mati og þegar það er búíð munum við setja okkur markmið og leiðir í áframhaldandi starfi.

Það er ánægjulegt að vera kominn í frábærar vinnuaðstæður fyrir börn og starfsfólk og mun leikskólastarfið örugglega blómstra þegar við höfum náð að yfirfara það sem þarf, breyta og bæta það sem þarf.

Skóladaगतal 2023-2024

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ						
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	Fulveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 F	1 F	Starfsdagur	1 M	Annar í Þaskum	1 M	Verkalýðstagiurinn	1 L	1 M		
2 M	2 L	2 M	Fílmningavika	2 F	2 L	2 Þ	Starfsdagur	2 F	2 L	2 Þ	2 S	Sjómannaþingurinn	2 Þ	2 F	Foreldravöðil	2 S	2 Þ	
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	Foreldravöðil	3 M	Starfsdagur	3 M	Leikskólm lokar klukkan 12:00
4 F	4 M	4 M	4 L	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 F	
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 F	
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 M	6 L	Þrettándinn	6 M	6 L	6 M	6 L	6 F	6 M	6 F	Foreldravöðil	6 F	6 L	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 M	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 S	7 F	Foreldravöðil	7 F	7 S	7 S
8 Þ	Osnar eftir sumarfrí kl:12:00	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 F	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 F	Foreldravöðil	8 L	8 M	8 M
9 M	9 L	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 Þ	9 F	Þjófningardagur	9 S	9 Þ	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 F	10 F	Starfsdagur	10 M	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 L	11 M	11 F	11 F	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 L	11 S	11 L	11 Þ	11 F	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 S	12 M	12 M	12 F	12 S	12 L	12 F	12 F	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 M	13 M	13 F	13 L	13 L	13 M	13 M	13 F	13 L	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 S	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M	15 M
16 M	16 L	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 F	17 F	17 M	17 M	17 M	17 M
18 F	Starfsdagur	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 F	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 F	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 L	20 M	20 F	20 M	20 F	20 L	20 L	20 L
21 M	21 F	21 L	21 M	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 F	21 S	21 F	21 S	21 F	21 Þ	21 F	21 S	21 S	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 M	22 M	22 L	22 M	22 M	22 M
23 M	Þróttadagur	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 M	24 M	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 M	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 F
26 L	26 Þ	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 F	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 M	27 M	27 F	27 L	27 L	27 L
28 M	28 F	28 L	28 M	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 F	28 S	28 S	28 S
29 Þ	29 F	Hausþing	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 M	29 L	29 M	29 M	29 M	29 M
30 M	30 L	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 F	30 S	30 Þ	30 Þ	30 Þ
31 F	31 M	31 Þ	31 Þ	31 M	31 S	31 M	31 M	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M